

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	17.09.2018
Málalýkill	1031
Mál nr.	1809212



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

LANDSSAMBAND SKÓGRÆKTARFÉLAGANNA

Þórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150

NETFANG skog@skog.is – VEFFANG www.skog.is

Reykjavík 13. september 2018

Grænn trefill er hugtak sem varð til 1992-93 þegar skógræktarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hófu vinnu við frumdrög að sameiginlegu útivistarsvæði í upplandi svæðisins.

Árið 2001 festist Græni trefillinn í svæðisskipulagi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Á þessu stigi var gert ráð fyrir að koma upp samhæfðu stígakerfi um svæðið í heild til hagsbóta fyrir gangandi, hjólandi, ríðandi og hlaupandi útivistarfólk.

Veturinn 2005-06 vann starfshópur fulltrúa skógræktarfélaganna og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu undir stjórn Skógræktarfélags Íslands skýrslu um Græna trefilinn. Staða skógarsvæðanna var tíunduð og upplýst hvaða þjónustu þau bjóða upp á, með áherslu á útivist og aðgengi almennings. Þar komu einnig fram hugmyndir um úrbætur. Skýrslan var kynnt stjórn Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og fulltrúum allra sveitarstjórna svæðisins. Eitt stærsta markmiðið sem fram kom í skýrslunni var Græni stígurinn sem mun þræða Græna trefilinn frá Esjurótum í norðri að Kaldárseli í suðri. Hugmyndin er að þetta verði þriggja metra breiður malbikaður stígur og greiðfær öllum, sambærilegur við Bláa stíginn sem liggur meðfram strandlengju höfuðborgarsvæðisins.

Árið 2008 voru gerð drög að legu Græna stígsins í samstarfi við sveitarfélögin, en málið fór í biðstöðu þegar efnahagskerfi landsins fór á hliðina um haustið. Síðan hefur harla lítið gerst.

Nú þegar betur árar er full ástæða til að taka málið upp á nýjan leik og blása til sóknar. Útivistarfólki hefur fjölgað til muna á undanförnum árum. Það eru stórir og kraftmiklir hlaupahópar í öllum sveitarfélögunum, hjólreiðar hafa aukist verulega og fólki fjölgar sem stundar gönguferðir sér til heilsubótar eitt og sér eða í hópum. Á veturnum stunda margir gönguskíðaferðir og svona mætti áfram telja. Aukin vitund um gildi útivistar og hreyfingar allt árið um kring og vaxandi áhugi á breyttum ferðaháttum er ánægjuefni.

Skógarsvæðin í jaðri höfuðborgarsvæðisins njóta ört vaxandi vinsælda meðal þessa fólks og skógræktarfélögin hafa brugðist við með því að fjölga skógarstígum og bæta aðgengi. Starfsfólk félaganna leggur sig fram um að halda leiðum opnum og aðgengilegum hvort sem er að sumri eða vetri, en betur má ef duga skal. Sveitarfélögin þurfa að koma myndarlega að borðinu og núna er kjörið tækifæri til að láta Græna stíginn verða að veruleika.